

Umhverfisstofnun
Áb. _____
01. mars 2016
Tilv. _____

Langanesbyggð
Fjarðarvegi 3
680 Þórshöfn



UMHVERFISSTOFNUN


Reykjavík 1. mars 2016
UST201511-121/E.D.K.
08.14.02

Úrbætur staðfestar – eftirfylgnimáli lokið

Umhverfisstofnun vísar í bréf, dags. 5. janúar 2016, þar sem áminnt var vegna tveggja frávíka frá starfsleyfi á urðunarstað Langanesbyggðar á Þórshöfn sem fram komu við reglubundið eftirlit þann 19. ágúst 2014. Frávikin vörðuðu að niðurstöður mælinga, sbr. grein 1.8 í starfsleyfi og fyrirmælum um frágang og vöktun, höfðu ekki borist Umhverfisstofnun, og það að nýjan úrgang var að finna á staðnum, en óheimilt er að taka við úrgangi á staðnum án starfsleyfis, en starfsleyfið rann út 5. september 2012.

Þann 26. febrúar sl. bárust Umhverfisstofnun mæliniðurstöður í tölvupósti. Í sama tölvupósti kemur fram að brugðist hafi verið við seinna frávikinu og gerðar ráðstafanir til að það endurtaki sig ekki. Umhverfisstofnun metur þessar úrbætur fullnægjandi og lítur svo á að eftirfylgnimáli, sem hófst með bréfi dags. 17. nóvember sl. sé nú lokið. Umhverfisstofnun hefur þegar innheimt fyrir eftirfylgni frávikanna, sbr. bréf dags. 5. janúar sl.

Virðingarfyllst


Sigrún Agústs dóttir
sviðsstjóri


Eva Dögg Kristjánsdóttir
sérfræðingur